



Minnisblað um skattlagningu lífeyrissparnaðar

Tillögur hafa verið lagðar fram um að breyta formi á skattlagningu lífeyrissparnaðar þannig að inngreiðslur í lífeyrissjóði verði ekki frádráttarbærar til skatts og myndi skattskyldar tekjur hjá viðkomandi einstaklingi, hvort heldur það er hann sjálfur eða launagreiðandi sem innir þær af hendi. Á móti verði greiðslur úr lífeyrissjóðum skattfrjálsar.

Iðgjöld sem launagreiðendur hafa greitt til lífeyrissjóða hafa aldrei myndað skattskyldar tekjur hjá móttakanda ef þær hafa verið í samræmi við ákveðið hámark sem nú er orðið mjög rúmt. Iðgjöld einstaklinga voru hluti af frádráttarheimildum áður en staðgreiðsla tekjuskatts var tekin upp árið 1988. Með henni urðu þau ekki frádráttarbær en skattprósentan var færð niður til samræmis. Í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði árið 1995 var um það samið við ríkisstjórnina að iðgjöldin yrðu frádráttarbær á nýjan leik og var því hrint í framkvæmd í áföngum á árunum 1995-1997 (2% 1995, 3% 1996 og 4% 1997).

Lífeyrisgreiðslur úr sjóðunum hafa alltaf myndað skattskyldar tekjur hjá viðtakanda og ennfremur skert bætur almannatrygginga eftir ákveðnum reglum sem fyrst og fremst hafa snúist um frítekjumark.

Þegar verið var að taka ákvarðanir um frádrátt iðgjalda einstaklinga um miðjan síðasta áratug fór fram grundvallarumræða um þetta mál þar sem t.d. sterkar raddir í fjármálaráðuneytinu mæltu með því að inngreiðslur yrðu skattskyldar en útgreiðslur skattfrjálsar. Niðurstaðan var sú að fara leið frádráttarbærra iðgjalda fyrst og fremst vegna þess að það einfaldar alla meðferð þessa sparnaðarforms bæði út frá skattalegum sjónarmiðum og eins vegna samspils almannatrygginga og lífeyrissjóðanna.

Lífeyrisréttindin byggjast á iðgjaldi og ávöxtun þeirra. Frádráttarbærni iðgjalda felur í sér að sjóðssöfnun launamanna er meiri á hverju ári starfsævinnar en ef iðgjöldin væru skattlögð og nemur mismunurinn skattaívilnuninni. Sé miðað við 40 ára starfsævi, sömu tekjur á hverju ári og 3,5% ávöxtun þá mynda uppsafnaðar vaxtatekjur heldur stærri hlut lífeyrisréttindanna en sjálf iðgjöldin. Sá hluti lífeyrisréttindanna sem grundvallast á vaxtatekjum af skattaívilnuninni er um það bil 15% og það er sú skerðing á lífeyrisréttindum á heilli starfsævi sem skattlagning inngreiðslna hefði í för með sér.

Lakari lífeyrisréttindi úr lífeyrissjóðum hefur í för með sér hærri lífeyrisgreiðslur almannatrygginga vegna tekjutenginga á milli þessara tveggja stöða lífeyriskerfis landsmanna. Þetta samspil verður að hafa í huga þegar breytingar eru gerðar sem skerða lífeyrisgreiðslur lífeyrissjóða. Með skattlagningu lífeyrisgreiðslna væri skref stigið til baka frá kerfi sjóðssöfnunar í átt til gegnumstreymiskerfis, sem er þveröfugt við það sem þörf er á í ljósi breyttrar aldurssamsetningar landsmanna. Undanfarin ár hefur einn lífeyrisþegi (65+) verið á móti hverjum 6 íbúum á vinnualdri (15-64 ára). Árið 2020 verður þetta hlutfall komið í 1 á móti 4, árið 2030 1 á móti 3 og árið 2050 1 á móti 2. Við slíkar aðstæður fær gegnumstreymiskerfi ekki staðist og lífeyrir byggður á sjóðssöfnum forsenda þess að skattbyrði vinnandi kynslóðarinnar verði þolanleg.



Þá þýðir leið frádráttarbærra iðgjalda einnig meiri sparnað, þjóðin sem heild verður ríkari, ríkið tryggir sér stöðugri og stærri skattstofna til framtíðar og framboð af fjármagni til fjárfestinga í atvinnulífi eða öðrum fjárfestingarkostum eykst. Stór hluti af eignamyndun lífeyrissjóða til lengri tíma er vegna ávöxtunar og fjármagnstekna og með auknum sparnaði verður eignamyndunin þess vegna mun meiri og lífeyrisþegar verða jafnframt skattgreiðendur.

Ennfremur var það sjónarmið uppi í umræðunum um miðjan síðasta áratug að lífeyrisþegar gætu ekki treyst því að stjórnámamenn framtíðarinnar létu kerfið í friði og þeir myndu á einhverjum tímamarki byrja á því að skattleggja útgreiðslur eða klípa af þeim með öðrum hætti þrátt fyrir að féð hefði verið skattlagt við inngreiðslur. Því sé það öruggast fyrir fólk að leggja inn óskattlagt fé. Umræðan nú staðfestir að ótti fólks er ekki ástæðulaus við að ákvarðanir sem taka þarf til áratuga haldi ekki vegna óbærilegra freistinga stjórnámamanna.

Eigi nú að breyta til og hefja skattlagningu inngreiðslna þá gerist eftirfarandi:

- Þjóðhagslegu áhrifin eru þau að minna fé er sparað og þjóðin sem heild myndar ekki þær eignir sem annars yrðu til. Lægri sparaðar fjárhæðir minnka uppsafnaðar fjármagnstekjur og eignamyndunin verður minni. Skattstofnar rýrna og minna fé verður til fjárfestinga. Meira þarf að treysta á almannatryggingar.
- Loka þarf núverandi lífeyrissjóðum og opna nýja sjóði sem starfa á hinum nýja grunni. Þetta leiðir til þess að lífeyrissjóðir sem loka munu almennt þurfa að skerða lífeyrisgreiðslur mikið vegna þess að í núverandi tímamarki er mikill halli á áfallinni stöðu í tryggingafræðilegu mati sjóðanna meðan framtíðarstaða er almennt í mun betra jafnvægi og heildarstaða sjóðanna því ekki jafn slæm og áfallin staða. Réttindi sjóðsfélaga og lífeyrisgreiðslur taka mið af heildarstöðu í tryggingafræðilegu mati.
- Þeir sem spara í séreignarsjóðum lenda í mjög sérstakri stöðu. Þess ber að geta að fjölmargir einstaklingar greiða eingöngu til séreignarsjóða sem þá annast jafnframt lögbundna lágmarkstryggingu á ævilöngum lífeyri. Ef borið er saman sparnaðarformið séreignarsjóður miðað við bankasparnað eða fjárfestingasjóð kemur í ljós að greiðslur úr séreignarsjóðum yrðu skattfrjálsar meðan fjármagnstekjuskattur leggst með viðeigandi hætti á tekjur af frjálsu sparnaði. Augljóst er að séreignarsjóðsfyrirkomulagið stenst ekki við þær aðstæður og óljóst er þá hvernig fara ætti með þá sem vilja það form á lífeyrissparnaði.
- Þá flækir breyting á núverandi fyrirkomulagi enn meira samspil lífeyrisgreiðslna og almannatrygginga. Mismunandi reglur um skerðingar og frítekjumörk þyrftu að vera fyrir skattskyldar lífeyrisgreiðslur og skattfrjálsar.
- Mismunur lífeyrisréttinda í almenna og opinbera lífeyriskerfinu eykst þar sem inngreiðslur í opinberu sjóðina eru ekki í samræmi við réttindamyndun og skattgreiðendur taka á sig hallann. Ef þessi breyting á ekki að auka enn á þann mikla mismun sem fyrir er þyrfti að taka upp sérstakar skerðingar á



lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna, bæði í A- og B-deild LSR og lífeyrissjóðum sveitarfélaganna, til jafns við þá skerðingu sem sjóðsfélagar á almennum vinnumarkaði yrðu fyrir af völdum þess að missa þann lífeyrisrétt sem vaxtatekjurnar af skattaívilnunum skapar.

- Lífeyrissjóðirnir á almenna vinnumarkaðnum hófu fyrir nokkrum árum ferli sem breytir réttindaávinnslu úr línulegri í aldurstengda ávinnslu réttinda. Þetta ferli tekur áratugi en það rofnar ef núverandi sjóðum er lokað og nýir settir í gang. Loforð sem gefin voru sjóðsfélögum þegar breytt var úr jafnri ávinnslu í aldurstengda um áratuga aðlögun væru svikin. Það kallar á ný vandamál vegna mismunandi stöðu einstaklinganna eftir aldri.
- Huga þarf að frjálsri för vinnuaflds á EES svæðinu. Í ESB gilda ákveðnar grundvallarreglur um flutning lífeyrisréttinda milli landa. Í flestum ríkjum eru lífeyrisgreiðslur skattlagðar hjá lífeyrisþegum. Íslendingur sem flytti til annars EES-ríkis einhvern tímann á starfsævinni myndi væntanlega þurfa að greiða skatt af lífeyri frá Íslandi í búseturíki sínu, ef hann eyddi ævikvöldinu þar. Þar með væri komin tvísköttun. Útlendingur sem flytti til Íslands og fengi greiddan lífeyri frá upprunalandi sínu yrði væntanlega undanþegin skatti á Íslandi þótt í heimalandi hans hefðu þær verið skattlagðar. Ísland gæti því hugsanlega orðið skattaparadís lífeyrisþega.

Núverandi fyrirkomulag er engin tilviljun heldur niðurstaða mikillar yfirlegu og ígrundaðra umræðna árum saman og var ætlað að standast til áratuga, enda er uppbygging lífeyrissjóða langtímaverkefni og sjóndeildarhringurinn þarf að ná út yfir þarfir einnar kynslóðar. Hinir almennu lífeyrissjóðir aðila vinnumarkaðarins hafa nú verið í þróun í meira en 40 ár og það hefur þurft festu og framsýni að byggja þá upp.

Tillaga um að breyta kerfinu og skattleggja iðgjöld núna vegna yfirstandandi erfiðleika er slæm og slík breyting á margan hátt skaðleg. Ef vilji er til þess að flá sjóðina er skárri að ganga beint til verks fremur en að flá sjóðina innan frá.

Einfaldara er að ákveða með lögum að hluti af iðgjaldi launagreiðenda skuli um einhvern tiltekinn tíma renna beint í ríkissjóð sem skattur. Það kemur þá fyrst og fremst niður á réttindum þeirra einstaklinga sem nú eru að afla sér réttinda með eigin iðgjaldagreiðslum og greiðslum launagreiðenda en aðeins að litlu leyti á þeim sem eru að fá greiðslur úr sjóðunum og hringlar ekki með uppbyggingu sjóðanna.

Minni sparnaður í lífeyrissjóðum kemur þá beint fram í minni sparnaði þjóðarinnar einmitt á tímum sem nauðsynlegt er að sparnaður sé til fjárfestinga til þess að hefja nýja sókn upp úr kreppunni. Afl lífeyrissjóðanna til þess að taka þátt í uppbyggingarstarfinu minnkar og kreppan framlengd eftir því sem minna er fjárfest og atvinnuleysið eykst. Því er rétt að varast mjög öll áform um að skerða lífeyrissparnaðinn.